

SAMÞYKKT

um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ.

1. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélaga nær ekki til skulu húseigendur leiða húsaskólp um rotþró og siturlögn. Ef landfræðilegar eða rekstrarlegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur má uppfylla skilyrði um skólphreinsun með öðrum aðferðum, s.s. þurr-salernum, safntönkum eða öðrum lausnum sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra samþykkir.

2. gr.

Staðsetningu rotþróa og siturlagna (og annarra sambærilegra mannvirkja) skal sýna á teikningu sem er samþykkt af viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnd. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa og siturlagna, þ.m.t. endurbætur á eldri mannvirkjum, eru háð samþykki og úttekt Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Heimilt er að fela byggingafulltrúa úttekt á rotþróum og siturlögnum. Fara skal eftir leiðbeining Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir (meðferð skólps utan þéttbýlis).

3. gr.

Sveitarstjórnir skipuleggja reglubundna hreinsun og tæmingu rotþróa og meðhöndlun seyru í samræmi við reglugerð um meðhöndlun á seyru nr. 799/1999. Óheimilt er að losa seyru úr rotþróum nema á samþykktum móttökustöðum og er tæming þróa og meðhöndlun seyru einungis heimil þeim sem hafa tilskilin leyfi, sbr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

4. gr.

Að jafnaði skal tæma rotþrær annað til þriðja hvert ár. Húseigendum er skylt að tryggja greiða aðkomu að þró til tæmingar. Til að standa undir kostnaði við verkið skal eigandi greiða árlegt rotþróargjald. Gjaldið skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði í 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

5. gr.

Árlegt rotþróargjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem það er lagt á, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

6. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Heilbrigðisnefnd getur m.a. beitt húseiganda dagsektum ef hann sinnir ekki fyrir-mælum um úrbætur varðandi fráveitur, skólp og meðferð seyru.

7. gr.

Samþykkt þessi, sem er unnin af heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra og samþykkt af sveitarstjórnnum á svæðinu, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 1. september 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.